



5. fundur í aðalstjórn Aftureldingar þriðjudaginn 19. september 2017

Haldinn á skrifstofu Aftureldingar að Varmá kl. 17:30

Mætt: Dagný Kristinsdóttir (DK), Birna Kristín Jónsdóttir (BJ), Sigurður Rúnar Magnússon (SM), Krístrún Kristjánsdóttir (KK), Geirarður Long (GL), Anna Fríða Magnúsdóttir (AFM), Kjartan Þór Reinholdsson (KPR) og Jón Júlíus Karlsson (JK) framkvæmdastjóri.

Formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

1. Stefnumótun

Stefnumótun rædd.

Vinna áfram með hugtökin 4 út frá stefnunni sem hefur verið við lýði frá 2010-2015.
Afrestsstofna vs. Uppeldisstofna
Félagsstofna
Lýðheilsustofna

2. Búningamál Aftureldingar

Eins og kom fram á síðasta fundi aðalstjórnar þá rennur samingur Aftureldingar við Errea út þann 30. september 2018. Vegna þessa hefur JK rætt við nokkur íþróttafélög varðandi þeirra tilhögun á búningamálum. Næsta skref er að kalla saman búninganefnd og fara yfir málin.

3. Starfsdagur Aftureldingar

Starfsdagur Aftureldingar verður haldinn miðvikudaginn 27. september í Lágafellsskóla kl. 17.30. Markmið dagsins er að kalla saman þá einstaklinga sem koma að starfi Aftureldingar og hlýða á áhugaverða fyrirlestra sem geta eflt starf og gæði þjálfunar í félaginu. Hanna Björk íþróttafulltrúi Aftureldingar verður með inngang inn í daginn og í kjölfarið verða 4 fyrirlesarar. Góðar veitingar í boði. Auglýsing verður sett á Facebook.

4. Handboltaakademían

Handboltaakademían í FMOS er í samstarfi við handknattleiksdeild Aftureldingar. Samstarf FMOS við handknattleiksdeildina rætt. Aðalstjórn er sammála um að línur þurfi að vera skýrari en enginn skriflegur samningur er fyrir hendi.

5. Viðræður við Mosfellsbæ – Nýr samningur

Samningur Aftureldingar við Mosfellsbæ rennur út um áramótin. Vinna við endurskoðun samnings að hefjast. Dagný, Kjartan og Sigurður Rúnar fara í viðræður fyrir hönd aðalstjórnar. Birna verður varamaður þeirra.

Fjármál Aftureldingar

Hálfsársuppgjör félagsins lokið. Almennar umræður um það.

6. Önnur mál

Trimmhópar - Margar deildir með trimmhópa. Óskað eftir því að íþróttafulltrúi taki út fjölda iðkenda og fjölda trimmara í hverri deild og skili til aðalstjórnar.

Fundardagatal aðalstjórnar - Fundardagatal ákveðið, þriðji þriðjudagur hvers mánaðar.

Fundi slitið kl 20.00
Kristrún Kristjánsdóttir
(sign).